



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEIMSÓKN FORSETAHJÓNANNA TIL FJARÐABYGGÐAR

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú halda í heimsókn til Fjarðabyggðar að morgni mánudagsins 21. október næstkomandi. Heimsóknin stendur í þrjá daga og verða margir skólar og vinnustaðir heimsóttir í stærstu byggðarkjörnum sveitarfélagsins, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði. Að kvöldi mánudagsins verður haldin fjölskylduhátíð í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði og þangað er öllum íbúum sveitarfélagsins boðið auk annarra gesta.

Fyrsta dag heimsóknarinnar, mánudaginn 21. október, heimsækja forsetahjónin Nesskóla, Verkmenntaskóla Austurlands, Fjórðungs-sjúkrahúsið og Náttúrustofu Austurlands í Neskaupstað. Þá verður haldið til Eskifjarðar þar sem þau hitta starfsmenn Eskju og Egersund, heimsækja Grunnskóla Eskifjarðar, skoða nýjan sýningarsal fyrir íslenska samtímalist í Dahlshúsi og heimsækja ferðaþjónustuna á Mjóeyri. Þá tekur forseti þátt í málstofu um Nýja Norðrið sem haldin er í samvinnu við Austurbrú með þátttöku Norðurslóðanets Íslands.

Á fjölskylduhátíðinni um kvöldið verður margvíslegur tónlistarflutningur í boði heimamanna. Þar flytur forseti ávarp og afhendir Hvatningu til ungra Íslendinga en hátíðin hefst klukkan 20:00 og eru allir velkomnir á hana; aðgangur er ókeypis.

Þriðjudaginn 22. október heimsækja forsetahjónin Grunnskóla Reyðarfjarðar og halda svo til Fáskrúðsfjarðar og heimsækja Skólamiðstöðina þar. Þvínæst kynna þau sér fyrirætlanir um uppbyggingu frönsku húsabyrpingarinnar, heimsækja Gallerí Kolfreyju og Loðnuvinnsluna

Fáskrúðsfirði. Eftir hádegi fara forsetahjónin í Grunnskóla Stöðvarfjarðar, heimsækja Sköpunarmiðstöðina og sitja um kvöldið kvöldverð með bæjarfulltrúum í boði bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

Miðvikudaginn 23. október lýkur heimsókn forseta Íslands í Fjarðabyggð með því að hann heimsækir fyrirtæki og stofnanir í Reyðarfirði og eru það Íslenska stríðsárasafnið, Slökkvilið Fjarðabyggðar og Alcoa Fjarðaál.

17. október 2013

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).